

# Umsókn um styrk til Hafnarfjarðarbæ 2021

*Efni: umsókn um styrk fyrir Samveru og súpu sem er verkefni í samvinnu við Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu og ÖBÍ.*

*Upphæð: 50,000 krónur*

Greinagerð:

Samvera og súpa er verkefni sem hófst árið 2005.

Þetta er í samvinnuverkefni Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu og Öryrkjabandalagsins, þar sem öryrkjar geta komið og fengið súpu, brauð og kaffi og notið samveru hvert við annað og er þetta mikilvægt til að rjúfa einangrun öryrkja sem hafa lítið fjárhag, en eiga samt samastað hjá okkur á hverjum þriðjudegi.

Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu lætur okkur í té húsnæði og aðstöðu fyrir þetta

verkefni.

Síðast ár hefur stóraukist hjá okkur og má segja að stundum sé tvísetjið, þetta er stundum það eina sem okkar skjólstaðingar sækja, og er tekið í þrjóna, lesið blöðin eða bara létt spjall. Þessi mikla aukning sem sækja Samveru og súpu sínir að við erum að gera góða hlutu og erum við mjög ánægð með það 😊

Þetta er allt unnið af sjálfboðaliðum og er þeirra starf ómetanlegt.

Þar sem við höfum ekki fastar tekjur leitum við til ykkar um styrk.

Einnig hefur bakarí gefið okkur allt brauð til að nota í samveru og súpu. En samt þótt kostnaður sé haldið alveg í lágmarki, þurfum við nauðsynlega að fá styrk til að standa straum að Samveru og súpu.

Síðustu mánuðir hafa reynst okkar skjólstaðingum mjög erfiðir. Vegna aðgerða vegna Covid-19 þá höfum við ekki getað haldið úti fullri starfsemi. En núna í haust stefnir í að allt verið eins og venjulega sem vonandi gengur upp hjá okkur. Því þessir mánuðir hafa ekki farið vel í okkar fólk.

Með minni bestu kveðju og von um góð viðbrögð

fh. Samveru og súpu

Ólína Ólafsdóttir

Umsjónaraðili